

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

Deiliskipulagsbreyting vegna Gunnarsbrautar 8 og 10 á Dalvík.

Deiliskipulagsbreytingin felast í sameiningu á lóðunum Gunnarsbraut 8 og 10 í eina lóð, Gunnarsbraut 10. Byggingarreitur sameinaðrar lóðar er breikkaður um 2,5 m til vesturs og innkeyrslum inn á sameinaða lóð frá Gunnarsbraut er fækkað úr tveimur í eina. Innkeyrsla inn á sameinaða lóð frá Sjávarbraut í norðri er eftir allri norðurhlið lóðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting vegna Lyngholts 4, 6 og 8 á Hauganesi.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að heimilt er að reisa eitt parhús á einni hæð með einhalla þaki og eitt fjögurra íbúða raðhús á einni hæð með einhalla þaki í stað þriggja einbýlishúsa.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting vegna Skáldalæks ytri.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að hámarksbyggingarmagn lóða nr. 1, 2 og 4 er aukið úr 110 m² í 170 m², annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting vegna Skógarhóla 10, 11, 12 og 23 á Dalvík.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að byggingarreitur lóðarinnar við Skógarhóla 12 breikkar um 4 m til vesturs og 4 m til norðurs og lóðin stækkar um 6,5 m til norðurs. Við breytinguna eykst flatarmál lóðarinnar um 223 m². Hámarksbyggingarmagn innan lóðarinnar er aukið úr 260 m² í 320 m². Skilgreiningu á húsgerð er breytt úr E2 í E1 og hámarksvegghæð lækkuð úr 6 m í 5 m. Lóð Skógarhóla 10 er minnkuð um 76,3 m² og byggingarreitur minnkaður um 5 m til norðurs. Skilgreiningu á húsgerð er breytt úr E2 í E1 og hámarksvegghæð lækkuð úr 6 m í 3 m. Göngustígur norðan við lóð Skógarhóla 12 hliðrast til norðurs um 6,5 m.

Lóð Skógarhóla 11 minnkar um 91,2 m² og lóð Skógarhóla 23 minnkar um 694,9 m² til þess að koma fyrir nýrri húsagötu á milli lóðanna sem er í eigu og rekstri Dalvíkurbyggðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fólkvangsins í Böggvisfjalli.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér 0,40 m hækun á hámarkshæð fyrirhugaðrar vélageymslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting vegna Klapparstígs 4 og 6 á Hauganesi.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að einbýlishúsalóðirnar við Klapparstíg 4 og 6 eru sameinaðar í eina lóð fyrir eitt fjögurra íbúða raðhús á einni hæð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting vegna Öldugötu 31, Árskógsandi.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað úr 0,3 í 0,41 miðað við einnar hæðar byggingu og úr 0,4 í 0,5 miðað við tveggja hæða byggingu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 21. júlí 2023,

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. ágúst 2023